

Til bæjarráðs Garðabæjar
Málsnr 1302036 - Dags. 15.05.15
Minnisblað um verkefnið iLek

iLek – samstarfsverkefni leikskóla í vinabæjum Garðabæjar

Nýverið lauk tveggja ára samstarfsverkefni vinabæjar Garðabæjar, iLek, um notkun spjaldtölva í leikskólastarfi. Markmið verkefnis var að styrkja norræn vinarbæjartengsl leikskóla með því að koma á samstarfsneti kennara og gagnkvæmum heimsóknum til að þróa kennslu með iPad í leikskólum. Þátttakendur voru leikskólakennarar frá Asker í Noregi, Eslöv í Svíþjóð og Jakobstad í Finnlandi ásamt kennurum frá Garðabæ. Í Garðabæ tóku leikskólakennararnir Hólmfríður Hilmarsdóttir á Bæjarbóli og Ragnheiður Eva Birgisdóttir á Hæðarbóli þátt í verkefninu auk Önnu Magneu Hreinsdóttir leikskólafulltrúa og Huldu Hauksdóttir upplýsinga- og menningarfulltrúa og tengilið við vinabæi Garðabæjar. Verkefnið var styrkt af Nordplus, norrænu tungumálaáætlun ráðherranefndarinnar.

Hópurinn hittist á fjórum samstarfsfundum á meðan á verkefninu stóð. Fyrsti fundurinn var haldinn haustið 2013 í Garðabæ og síðasti fundurinn fór fram í Jakobstad í Finnlandi vorið 2015. Í hverri heimsókn var fræðsla um smáforrit sem voru notuð í verkefninu og farið yfir vinnu sem unnin var á milli funda. Smáforritið „Book Creator“ var notað til að búa til rafrænar bækur með frásögnum, þulum og ævintýrum. Þátttakendur lærðu einnig að nota forritið „Puppet Pals“ þar sem börn gátu búið til leikrit í spjaldtölvunum og forritið var notað til að setja á svið og kynna hátíðir og hefðir hvers lands. Einnig var forritið „BitsBoard“ notað í verkefninu þar sem börn hvers lands fengu að læra heiti algengra matartegunda og fatnaðar á norrænu tungumálunum og fengu einnig að kynnst helstu byggingum og öðrum einkennum hvers bæjarfélags.

Einnig fengu þátttakendur kynningu á upplýsingatæknimálum í vinabæjunum og kynningu á ýmsum smáforritum sem geta nýst vel í leikskólastarfi. Á fundunum í vinabæjunum var farið í vettvangs- og fræðsluferðir þar sem fjölmargir leikskólar og ýmsar menningarstofnanir voru heimsóttar.

Á milli funda í vinabæjunum voru þátttakendur í samstarfi sín á milli og unnu að fyrirfram ákveðnum verkefnum með áður nefndum smáforritum. Barnahópar innan leikskólanna fengu einnig tækifæri til að hittast í gegnum spjallforritið „FaceTime“. Fram kom í mati kennarana á verkefninu að það hafi gengið mjög vel í alla staði og verið skemmtilegt. „Kennararnir töldu að þeir hafi með þátttöku sinni í verkefninu náð að tengja starf t.d. með leiklist og skapandi vinnu með upplýsingatækni. Einnig hafi náðst að styrkja norræna málvitund meðal leikskólabarnanna og auka þekkingu og skilning þeirra á norrænum rótum, menningu og lífsháttum með því að kenna þeim norræna söngva og sögur.“ Kennarar á hverjum stað fræddu samstarfskennara og fleiri um verkefnið, með t.d. fyrirlesturum, blaðaviðtölum og örnámskeiðum.

Vinabæjunum verður þakkað fyrir þátttöku í verkefninu og góðar móttökur á hverjum stað. Lokaskýrsla verkefnisins verður send til Nordplus í maí og frekari upplýsingar má nálgast á vef verkefnisins www.ilek.is

Með vinsemd,
Anna Magnea Hreinsdóttir leikskólafulltrúi
Hulda Hauksdóttir upplýsinga- og menningarfulltrúi